

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2530-101-MIN-002-V01

DAGS.

17.03.2021

SENDANDI

EFLA / ERS og RGH

MÁLEFNI

Umferðartalningar í Norðurbæ Hafnarfjarðar í mars 2021 og samanburður á fyrri talningum.

VERKHEITI

Norðurbær - Lokun Gamla Álftanesvegur

VERKKAUPI


Hafnarfjarðarbær

DREIFING

Helga Stefánsdóttir (Hafnarfjarðarbær)

Inngangur/forsendur

Að beiðni Hafnarfjarðarbæjar var EFLA fengin til að framkvæma umferðartalningar í Norðurbæ Hafnarfjarðar í upphafi mars 2021, sjá mynd 1. Tilgangur mælinganna var að safna umferðargögnum eftir lokun Gamla Álftanesvegur við Herjólfsbraut¹ og bera saman við sambærilegar mælingar sem teknar voru fyrir lokunina. Mælingar fyrir lokun Gamla Álftanesvegur fóru fram í nóvember 2016 og janúar 2018 auk þess sem gerð var talning á gatnamótum Herjólfsbrautar og Gamla Álftanesvegur í ágúst 2020 eftir lokun Gamla Álftanesvegur (sjá minnisblað frá EFLU gefið út 21.08.2020).



MYND 1: Yfirlitsmynd af talningum í Norðurbæ í Hafnarfirði, ásamt staðsetningu á lokun Gamla Álftanesvegur.

¹ Nema Strætó og neyðarakstur.


Umferðartalningar á gatnamótum

EFLA stóð fyrir talningum á þremur gatnamótum þann 4.mars 2021 með umferðargreini² (Miovision).

Talningarnar fóru fram samtímis, annars vegar árdegis frá 6.30 til 9.30 (3 klst.) og hins vegar síðdegis milli 15.00 og 18.00 (3 klst.). Sjá má niðurstöður talninga á myndum hér að neðan auk þess sem töflur samhliða þeim sýna fjölda ökutækja á hverja klukkustund yfir talningartímann.

Herjólsbraut – Gamli Álftanesvegur

Hámarksklukkustund árdegis var á milli 7.30 og 8.30. Fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund voru **69** talsins og hlutfall þungra ökutækja var 5,7% (2 ökutæki sem voru bæði strætisvagnar). Næstu korter við hámarksklukkustundina voru með sama umferðarmagn, sjá töflu 1.




TAFLA 1 Fjöldi ökutækja á klukkustund

FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
06:30	07:30	19
06:45	07:45	25
07:00	08:00	49
07:15	08:15	69
07:30	08:30	69
07:45	08:45	69
08:00	09:00	52
08:15	09:15	36
08:30	09:30	40

MYND 2 Gamli Álftanesvegur og Herjólsbraut, hámarksklukkustund árdegis 2021.

Hámarksklukkustund síðdegis var á milli 16.00 og 17.00, fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund var **112** talsins og hlutfall þungra ökutækja var 4,5% (5 ökutæki, þar af 4 strætisvagnar).



TAFLA 2 Fjöldi ökutækja á klukkustund


FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
15:00	16:00	78
15:15	16:15	80
15:30	16:30	89
15:45	16:45	105
16:00	17:00	112
16:15	17:15	109
16:30	17:30	101
16:45	17:45	87
17:00	18:00	84

MYND 3 Gamli Álftanesvegur og Herjólsbraut, hámarksklukkustund síðdegis 2021.

² Myndgreiningarbúnaður EFLU telur umferð og umferðarstrauma en getur ekki greint bílnúmer eða persónur.

Herjólfssbraut - Heiðvangur

Hámarksklukkustund árdegis var á milli 7.30 og 8.30. Fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund voru **94** talsins og var hlutfall þungra ökutækja 0%. Næsta korter eftir hámarksklukkustundina var með sama umferðarmagn.




TAFLA 3 Fjöldi ökutækja á klukkustund

FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
06:30	07:30	20
06:45	07:45	29
07:00	08:00	65
07:15	08:15	87
07:30	08:30	94
07:45	08:45	94
08:00	09:00	64
08:15	09:15	44
08:30	09:30	40

MYND 4 Herjólfssbraut og Heiðvangur, hámarksklukkustund árdegis 2021.

Hámarksklukkustund síðdegis var á milli 16.00 og 17.00, fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund var **136** talsins og hlutfall þungra ökutækja var 0,7% (1 ökutæki). Næsta korter eftir hámarksklukkustundina var með sama umferðarmagn.




TAFLA 4 Fjöldi ökutækja á klukkustund

FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
15:00	16:00	92
15:15	16:15	96
15:30	16:30	109
15:45	16:45	126
16:00	17:00	136
16:15	17:15	136
16:30	17:30	127
16:45	17:45	112
17:00	18:00	109

MYND 5 Herjólfssbraut og Heiðvangur, hámarksklukkustund síðdegis 2021.

Herjólfssbraut - Skjólvangur

Hámarksklukkustund árdegis var á milli 7.30 og 8.30. Fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund voru **213** talsins og hlutfall þungra ökutækja 0,5%.




TAFLA 5 Fjöldi ökutækja á klukkustund

FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
06:30	07:30	32
06:45	07:45	57
07:00	08:00	147
07:15	08:15	196
07:30	08:30	213
07:45	08:45	209
08:00	09:00	140
08:15	09:15	101
08:30	09:30	100

MYND 6 Herjólfssbraut og Skjólvangur, hámarksklukkustund árdegis 2021.

Hámarksklukkustund síðdegis var á milli 15.45 og 16.45, fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund var **277** talsins og hlutfall þungra ökutækja var 0,7% (2 ökutæki).



TAFLA 6 Fjöldi ökutækja á klukkustund

FRÁ	TIL	ALLS BÍLAR
15:00	16:00	236
15:15	16:15	272
15:30	16:30	265
15:45	16:45	277
16:00	17:00	263
16:15	17:15	243
16:30	17:30	233
16:45	17:45	217
17:00	18:00	219

MYND 7 Herjólfssbraut og Skjólvangur, hámarksklukkustund síðdegis 2021.

Umferðartalning á Skjólvangi, milli Sævangs og Vesturvangs


Sólarhringsumferð

Umferð á Skjólangi, milli Sævangs og Vesturvangs var talin (sniðtalning) frá mánudeginum 01.03.2021 til og með föstudagsins 05.03.2021 með umferðargreini (Tmssa). Sjá má niðurstöður mælinga á mynd 8.


Meðalumferð yfir tímabilið var **1.613** ökutæki/sólarhring.

Hlutfall þungra ökutækja á talningartímabilinu var 2,8% (45 ökutæki að meðaltali á sólarhring).

Umferð skiptist nokkuð jafnt á milli akstursstefna, en 54% af heildarumferð á talningartímabilinu ók Skjólvang til vesturs (frá Vesturvangi) eða að meðaltali **863 ökutæki/sólarhring**. Umferð sem ók Skjólvang til austurs (frá Sævangi) var 46% af heildarumferð á talningartímabilinu, eða að meðaltali **750 ökutæki/sólarhring**, sjá mynd 3.



MYND 8: Skjólvangur, talningar dagana 01.03.2021 til 05.03.2021



Hlutfall þungra ökutækja frá Sævangi var hærra en frá Vesturvangi, eða 4,0% af heildarumferð á talningartímabilinu (30 ökutæki) í samanburði við 1,7% (15 ökutæki).


MYND 9: Sólarhringsumferð á Skjólvangi, milli Sævangs og Vesturvangs í mars 2021

Hámarksklukkustund árdegis og síðdegis

Á mynd 10 má sjá hámarksklukkustund árdegis og síðdegis. Niðurstöðurnar sýna meðalumferð tímabilsins.

Hámarksklukkustund árdegis var á milli 7.30 og 8.30. Fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund voru **145** talsins sem er 9,0% af sólarhringsumferð á talningartímabilinu. Hlutfall þungra ökutækja á hámarksklukkustund árdegis yfir tímabilið var 3,2% (5 ökutæki).

Á hámarksklukkustund árdegis óku 56% ökutækja eða **81 ökutæki** Skjólvang til vesturs (frá Vesturvangi) og 44% ökutækja eða **64 ökutæki** Skjólvang til austurs (frá Sævangi).



MYND 10: Hámarksklukkustund árdegis og síðdegis á Skjólvangi í mars 2021.


Hámarksklukkustund síðdegis var á milli 15.45 og 16.45 og var fjöldi ökutækja á þeirri klukkustund **196 ökutæki** sem er 12,1% af sólarhringsumferð á talningartímabilinu. Hlutfall þungra ökutækja á hámarksklukkustund síðdegis yfir tímabilið var aðeins 1,3% (3 ökutæki).

Á hámarksklukkustund síðdegis óku 55% ökutækja eða **108 ökutæki** Skjólvang til vesturs (frá Vesturvangi) og 45% ökutækja eða **88 ökutæki** Skjólvang til austurs (frá Sævangi).

Dreifing umferðar yfir sólarhringinn

Dreifingu umferðar yfir sólarhringinn má sjá á mynd 11, um er að ræða meðalumferð tímabilsins (mán-föst) tekin saman fyrir hverjar 15 mínútur. Bláu línurnar sýna hámarksklukkustundir árdegis og síðdegis.

Hámarksklukkustund árdegis er afgerandi þegar litið er til sólarhringsumferðar og samanstandur af 9,0% af sólarhringsumferð. Umferðin eykst síðan jafnt og þétt yfir daginn og nær öðrum toppi síðdegis með 12,1% af sólarhringsumferð.



MYND 11: Dreifing umferðar yfir sólarhringinn á Skjólvangi í mars 2021.

Samtals samanstanda hámarksklukkustundir árdegis og síðdegis af um 21% af heildarsólarhringsumferð. Til samanburðar má nefna að í Kletthlíð voru hámarks-klukkustundirnar 25-26% af sólarhringumferð og á Suðurbraut við Byggðarbraut árið 2018 voru þær um 22%.


Hraði ökutækja

Meðalhraði á tímabilinu var 37 km/klst. og 85% hraði 44 km/klst. Á tímabilinu (mán-föst) óku yfir 50% ökutækja á hraðanum 30-39 km/klst., sjá mynd 11. Uppgefinn (skiltaður) hámarkshraði á Skjólvangi er 30 km/klst. Um 30% ökutækja ók á hraðanum 40-49 km/klst. og um 4% á milli 50-59 km/klst. Samtals óku um 85% ökutækja á eða yfir uppgefnum hámarkhraða.

Mesti mældi hraðinn á tímabilinu var 69 km/klst. og minnsti 4 km/klst.

Meðalhraðinn var sambærilegur á milli akstursstefna en meðalhraði á umferð sem ók Skjólvang til vesturs (frá Vesturvangi) var 36 km/klst. og meðalhraðinn á umferð sem ók Skjólvang til austurs (frá Sævangi) var 38 km/klst.

Meðalhraði þungra ökutækja á tímabilinu var 36 km/klst. og mesti mældi hraði meðal þeirra var 54 km/klst. Meðalhraðinn var sambærilegur á milli akstursstefna en meðalhraði umferðar sem ók Skjólvang til vesturs (frá Vesturvangi) var 34 km/klst. og meðalhraði umferðar sem ók Skjólvang til austurs (frá Sævangi) var 37 km/klst.




MYND 12: Mældur hraði ökutækja á Skjólvangi frá 1.mars til 5.mars 2021

Samanburður milli talninga 2016, 2020 og 2021

Herjólsbraut – Gamli Álftanesvegur


Fjöldi ökutækja á hámarksklukkustund árdegis og síðdegis minnkaði töluvert á gatnamótunum frá árinu 2016 og til ársins 2020 en fjölgaði lítillega árið 2021 í samanburði við 2020. Árdegis árið 2020 fóru tæplega þriðjungur færri ökutæki um gatnamótin samanborið við árið 2016 og tæplega helmingi færri ökutæki síðdegis. Sjá má samanburð á niðurstöðum gatnamótatalninga frá 2016, 2020 og 2021 á næstu myndum.



Á hámarksklukkustund árdegis fækkaði ökutækjum um 70% á Herjólsbraut frá árinu 2016 til 2021, eða um rúmlega 130 ökutæki. Fækkunin var aðallega um austur hluta Gamla Álftanesvegur (þar sem lokunin er). Aftur á móti stóð fjöldi ökutækja í stað á vesturhluta Gamla Álftanesvegur milli talninga 2016 og 2020 en fjölgaði um 30% (14 ökutæki) frá árinu 2020 til 2021.

MYND 13: Hámarksklukkustund árdegis 2021, 2020 og 2016

Fjöldi þungra ökutækja á gatnamótunum fækkaði milli talninga, frá því að vera 5-9 ökutæki á hámarksklukkustund árið 2016 í að vera 0-5 árin 2020 og 2021. Einungis er leyfð umferð þungra ökutækja um Gamla Álftanesveg og líklegast aðeins strætó þar sem honum er heimilt að aka um þann hluta vegarins (um Prýðishverfi).




Á hámarksklukkustund síðdegis fækkaði ökutækjum sem fara um gatnamótin milli talninga. Fækkunin nam um 55% milli árána 2016 og 2020 og 60% milli 2016 til 2021. Ökutækjum fækkaði á öllum leggjum gatnamótanna frá árinu 2020 til 2021.

MYND 14: Hámarksklukkustund síðdegis 2021, 2020 og 2016

Áætluð hversdagsumferð (HVDU)

Hversdagsumferð var áætluð út frá talningum árdegis og síðdegis og upplýsingum um dreifingu umferðar á Skjólvangi í mars 2021. Upplýsingar um dreifingu umferðar voru fengnar með umferðargreini. Dreifing meðalmánaðardagsumferðar frá Vegagerðinni var einnig notuð til að leiðrétta fyrir árstíma talninga³. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 15.



MYND 15: Áætluð hversdagsumferð – Norðurbær og nágrenni.

Hversdagsumferð á Herjólfsbraut minnkaði um rúmlega 70% á milli talninga frá árinu 2016 og 2020 en jókst aftur um 40% frá 2020 til 2021. Árið 2016 var umferðin 1.950 ökutæki á sólarhring, árið 2020 aðeins 500 ökutæki á sólarhring og árið 2021, 800 ökutæki á sólarhring.

Umferðin á austurhluta Gamla Álfanesvegur hefur minnkað um 90% á milli talninga enda er eingöngu strætó og neyðarakstri leyft að aka þar í gegn. Um vesturhluta Gamla Álfanesvegur minnkaði umferðin á milli talninga árin 2016 og 2020 um 20% en hefur aukist um 75% milli talninga 2020 og 2021

Á Herjólfsbraut við Skjólvang hefur umferðin aukist töluvert, eða um 40% (mælt á gatnamótunum). Mest hefur umferðin aukist um Herjólfsbraut norður eða um rúmlega helming, frá 950 í 2.100 ökutækjum/sólarhring.

³([http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Dreifing_umferdar_eftir_manudum_2009/\\$file/Dreifing_umferdar_eftir_manudum_2009.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Dreifing_umferdar_eftir_manudum_2009/$file/Dreifing_umferdar_eftir_manudum_2009.pdf))

Samantekt og ályktanir

Byggt á nýjum talningum er ljóst að umferð um gatnamótin Herjólfsbraut – Gamla Álfanesvegur hefur aukist í samanburði við talningu árið 2020. Árdegis hefur umferð að mestu aukist í vinstri beygju frá Herjólfsbraut og inn á Gamla Álfanesvegur til vesturs. Draga má þá ályktun að ökumenn séu farnir að nota tengingu við nýja Álfanesveg í meira mæli en áður. Síðdegis var umferðarmagnið sambærilegt á milli talninga árin 2020 og 2021.

Um 40 ökutæki fara um Heiðvang á hámarksklukkustund árdegis og síðdegis og er áætluð hversdagsumferð um 400 ökutæki á sólarhring. Umferðarmagnið er sambærilegt og í öðrum húsagötum á höfuðborgarsvæðinu og má því draga þá ályktun að ekki er mikið um gegnumakstur um Heiðvang.

Umferð um gatnamótin Herjólfsbraut – Skjólvang hefur aukist frá fyrri talningu árið 2018. Umferðin hefur aðallega aukist á Herjólfsbrautinni, bæði sunnan (40% aukning) og norðan (50% aukning). Umferð um Skjólvang hefur aukist um 13%, sem er um 200 ökutæki/sólarhring. Aukningin á milli talninga við Skjólvang er ekki mikil en þó er hægt að fullyrða að fleiri ökumenn nota Skjólvang sem tengigötu milli austurs og vestur þar sem engin ný byggð/þjónusta er á svæðinu sem gæti útskýrt þennan mun. Umferðarmagn í Skjólvangi, um 1.600 ökutæki/sólarhring er sambærilegt og lítil safngata á höfuðborgarsvæðinu, má þar nefna sem dæmi (talningar frá EFLU):

- Klapparhlíð í Mosfellsbæ, við Baugshlíð aka um **1.300** ökutæki/sólarhring (talning í nóvember 2018)
- Arnarbakki í Reykjavík, við Leirubakka aka um **1.900** ökutæki/sólarhring (talning í júní 2019)
- Suðurbraut í Hafnafirði, milli Byggðabrautar og Holtabyggð aka um **1.900** ökutæki/sólarhring (talning í október 2018).

Til að átta sig betur á umferðarsköpun Skjólvangs og næsta nágrennis (húsagötur sem liggja að Skjólvangi) var reiknuð út umferðarsköpun fyrir hverfið, eða þeirri umferð sem snýr að Skjólvangi (þ.e. umferð frá Sævangi og Vesturvangi). Miðað var við ferðasköpunarjöfnu höfuðborgarsvæðisins (jafnan gerir ráð fyrir að íbúar á höfuðborgarsvæðinu skapi að meðaltali 1,85 bílferð á mann, þar sem hver ferð skapar 2 „ökutæki“). Gera má því ráð fyrir að um 950-1.000 ökutæki/sólarhring skapist vegna íbúðabygðar sem liggur að Skjólvangi. Ljóst er að nokkuð er um gegnumakstur í Skjólvangi, að einhverju leyti gegnumakstur sem var til staðar fyrir lokun Gamla Álfanesvegur en hefur óhjákvæmilega aukist eftir lokun.

Mældur hraði ökutækja í Skjólvangi er töluvert hærri en uppgefinn hraði (30 km/klst.) og aka um 85% ökutækja á eða yfir uppgefnum hámarkhraða (30-69 km/klst.). Æskilegt væri að auka hraðatakmarkandi aðgerða í Skjólvangi.

Í dag er 30 km/klst. hlið með hellulagðri hraðahindrun í sitt hvorum enda götunnar og svo er ein hellulögð hraðahindrun í 125 m fjarlægð frá Hjallabraut (mynd 16). Þrenging er við Sævang en engin hraðatakmarkandi aðgerð (hringur á mynd). Til að halda hraða í 30 km/klst. er alla jafna mælt með að hraðatakmarkandi aðgerðir séu á um 75 m millibili⁴. Mælt er með að bæta við hraðatakmarkandi aðgerð við þrenginguna til að hæga á ökumönnum sem fara um Skjólvang.



MYND 16: Fjarlægðir á milli hraðatakmarkandi aðgerða í Skjólvangi

⁴ Statens Vegvesen. 2014. *Fartsdempende tiltak*. Håndbok V128. Statens Vegvesen. Oslo, Norway